

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1967

29. nóvember 1967.

123

Nr. 73.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „1966“ í 7. gr. laganna komi: 1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. nóvember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

18. desember 1967.

Nr. 74.

L Ö G

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsg. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.